

28. febrúar 1975.

73

Nr. 48.

AUGLÝSING um hækkun gjaldskrár.

Ráðuneytið hefur heimilað hækkun gildandi gjaldskrár Hitaveitu Reykjavíkur um 23%, er taki gildi frá og með 1. mars 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

20. febrúar 1975.

Nr. 49.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 91 20. mars 1973, um fyrirtæki, sem starfa að loftflutningum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Leyfishafa er skylt að kaupa og viðhalda tryggingum í samræmi við ábyrgð þá, sem hann ber samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá váttryggjanda, sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum, sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlist þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 20. febrúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.